

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Fyrir hverja húseign í Djúpavogshreppi með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 5. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi nr. 455/2003.

2. gr.

Þjónustu- og tæmingargjald samkvæmt 1. gr. skal vera sem hér segir:

<i>Stærð rotþróar í m³</i>	<i>Þjónustugjald kr.</i>
< 2,0 m ³	6.000

3. gr.

Álagning og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning og innheimta fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett af sveitarstjórn Djúpavogshrepps 29. desember 2005 að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, er byggð á samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Djúpavogshreppi nr. 455/2003, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Djúpavogi, 1. janúar 2006.

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2006